

Mál nr. 220/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar

Skemmdir á munum í galleríi (verslun) þann 26.04. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 15.11. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.12. 2007.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn gefa upplýsar um aðdraganda máls þessa.

4 ára dóttir vátryggingartaka settist á lágt sýningarborð í versluninni (galleríi) með þeim afleiðingum að borðið sporðreistist og listmunir sem á því voru fóru í gólfið.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Vátryggingartaki hafi vanrækt eftirlitsskyldu sína með barninu sbr. fyrirliggjandi gögn. Hann telur að foreldrar verði að bera ábyrgð á börnum sínum við aðstæður sem þessar.

Vátryggingafélagið telur að greiða skuli helming tjónsins úr fjölskyldutryggingunni en að M skuli bera helming tjóns síns sjálfur vegna meðsakar. Félagið telur varhugavert að hafa dýra listmuni á lágu og völtu sýningarborði.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum á M rétt á greiðslu bóta vegna þess tjóns sem varð í umrætt sinn. Það var óvarlegt af móður barnsins að huga ekki betur að barninu í versluninni. Full ástæða var til aukinnar aðgæslu með barninu.

Ekki er tilefni til að leggja sök á M. Sýningaraðstaðan virðist ekki hafa verið ófullnægjandi.

Niðurstaða.

M á rétt á greiðslu bóta úr þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 19. desember 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.